



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 12/2017

Drög að reglum um tæknilega staðla varðandi vörpun lánsþæfismats til útreiknings á eiginfjárkröfum vegna útlánaáættu

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 25. ágúst 2017 nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“.
Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

Gefin út á grundvelli 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

10. júlí 2017

REGLUR

um tæknilega staðla um vörpun láns hæfismats við útreikning á eiginfjárkröfum á grundvelli staðalaðferðar og vegna verðbréfunar.

1. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur vegna útlánaáhattu á grundvelli staðalaðferðar í samræmi við 2. kafla, Bálk II í III. hluta reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017. Reglurnar gilda einnig um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjárkröfur fyrir verðbréfaðar stöður í samræmi við 5. kafla, Bálk II í III. hluta sömu reglugerðar.

2. gr.
Vörpun láns hæfiseinkunna láns hæfismatsfyrirtækja yfir í þrep útlánagæða.

Fjármálafyrirtæki sem reiknar eiginfjárkröfur vegna útlánaáhattu skal varpa láns hæfiseinkunn frá láns hæfismatsfyrirtæki yfir í þrep útlánagæða samkvæmt ákvæðum reglugerðar Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 frá 7. október 2016, sbr. 3. gr. þessara reglna.

Fjármálafyrirtæki sem reiknar eiginfjárkröfur vegna verðbréfunar skal varpa láns hæfiseinkunn frá láns hæfismatsfyrirtæki yfir í þrep útlánagæða samkvæmt ákvæðum reglugerðar Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801 frá 11. október 2016, sbr. 3. gr. þessara reglna.

3. gr.
Birting tæknilegra staðla.

Með vísan til 2. gr. öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdareglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 frá 7. október 2016, að því er varðar tæknilega framkvæmdastaðla um vörpun láns hæfiseinkunna láns hæfismatsfyrirtækja vegna útlánaáhattu í samræmi við 1. og 3. mgr. 136. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
2. Framkvæmdareglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801 frá 11. október 2016, að því er varðar tæknilega framkvæmdastaðla um vörpun láns hæfiseinkunna láns hæfismatsfyrirtækja vegna verðbréfunar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2013.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 57/2015 um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, vísar Fjármálaeftirlitið til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 og 2016/1801 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins:

1. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1485356873663&uri=CELEX:32016R1799>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 275, þann 12. október 2016, bls. 3-18 og
2. <http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?qid=1485356873663&uri=CELEX:32016R1801>, birt í OJ deild

L, undirdeild R, nr. 275, þann 12. október 2016, bls. 27-33.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með heimild í b-lið 3. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Fjármálaeftirlitinu, 30. september 2017.